

Ed.

164. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 2. málslíðar 4. gr. laga nr. 65, 14. nóv. 1917, komi svo hljóðandi málsgrein:

Í janúar næstum eftir að samþykkt hefir verið með leynilegri atkvæðagreiðslu samkvæmt 17. gr., að bæjarstjóri skuli kosinn í stað bæjarfógeta, skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu.

2. gr.

1. málslíður 14. greinar nefndra laga orðist þannig:

Að loknu hverju reikningsári skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár og senda bæjarstjóranum fyrir lok febrúarmánaðar.

3. gr.

17. grein nefndra laga orðist þannig:

Bæjarstjórnin lætur fram fara leynilega atkvæðagreiðslu kjósenda um,

hvort bæjarstjóri skuli kosinn í stað bæjarfógeta. Verði þá felt með meiri hluta greiddra atkvæða, að svo skuli gert, getur bæjarstjórn látið nýja atkvæðagreiðslu fram fara síðar, þó eigi fyr en að einu ári liðnu frá því að samskonar atkvæðagreiðsla fór fram.

3., 10., 12. og 16. gr. laga nr. 65, 14. nóv. 1917, gangi í gildi þegar í stað. Verði samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða við leynilega atkvæðagreiðslu kjósenda, að bæjarstjóri skuli kosinn í stað bæjarfógeta, ganga 2. og 4. gr. laganna í gildi 1. janúar næstan á eftir. Að öðru leyti öðlast þau gildi 1. júlí sama ár. 31. gr. laga nr. 22, 8. okt. 1883, falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.